

Skrá 2. Nautpeningur

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins II.

Þjóðminjasafn Íslands þakkar öllum þeim, sem svarað hafa fyrstu spurningaskrá þess um slátrun og sláturstörf. Margir hafa ekki aðeins svarað henni vel og greiðlega, heldur einnig látið þau orð fylgja, að þeir vilji fúslega ljá málinu lið framvegis og taka við fleiri spurningaskrá. Safnið sendir nú skrá nr. II út af örkinni, og fjallar hún um samskiptin við kýrnar. Þessi skrá er nokkuð löng, en þess er að gæta, að hér er um að ræða mikilvægan þátt í bjargræði þjóðarinnar frá upphafi, en auk þess fjósamann vettvang fyrir ýmsa trú og kreddur. Þess er að vænta, að í þessari skrá sé dregið á margt, sem menn kannast ekki við, og er ekkert við því að segja, en hitt verður ekki nógsamlega brýnt fyrir heimildarmönnum að tína það allt til, sem þeir minnst; en ekki eða óljóst er að vikið í skránni. Á það raunar ekki við um þessa skrá frekar en aðrar, að heimildarmenn skyldu minnst þess að bæta við frá eigin brjósti, auk þess beinlínis að svara spurningunum. Látið aldrei takmarkað svarymi á blaðinu gera svarið styttra en efni standa til. Skrifðu heldur svarið á síðuna andspænis.

Heiti:

Heimili:

Fæðingardagur og -ár:

Hvar er heimildarmaður uppallinn og hvar hefur hann dvalist á fullorðinsárum;

Nöfn og fæðingarstaður foreldra:

Við hvaða sveit eða hérað eru svörin einkum miðuð.

1. a) Hvenær voru kýr bundnar inn í sæmilegri tíð að hausti;

a) Hvað kallaðist tíminn frá byrjun innistöðu til útbeitar (innistöðutími, gjafatími eða annað);

b) Hvenær var talið hæfilegt að hleypa kúm á grös að vori;

c) Hvað kallaðist sæmilegur gróður til útbeitar (nauthagi eða annað);

d) Var nokkuð einkenni á gróðri jarðar, sem farið var eftir með útbeit (vöxtur góubitils, gómbeitlu öðru nafni t.d.);

e) Var talið til bóta fyrir túnið að beita kúm á það fram um fardaga og þá hvers vegna;

f) Voru kýr látnar liggja úti að sumarlagi?

2. a) Hvað var talið hæfilegt vetrarfóður handa fullgildri mjólkurkú (í hestburðum af hevi) og hvernig var það mælt í heystæðum?

a) Hvaða hlutfall var milli kýrfóðurs og vetrungsfóðurs?

b) Hvaða orð voru notuð um hey, er ætlað var kúm til fóðurs kúahey, kúgæft hey eða önnur)?

c) Hvernig var kúahey drýgt í vondu árferði (með lyngi, kvisti, fiskbeinum o.s.frv)?

3. a) Hvað kallaðist heymælir kúa (kýrmeis, kýrhríp, kýrkláfur eða annað)?

- á) Hvað nefndust minni meisar (vetrungsmeis, vetrungskuggur, ábætir o.s.frv.)?
- b) Hvað tók kýrmeis mörg pund af heyi?
- d) Hvað hétu stærri meisar (tveggja kúa hrip, þriggja kúa hrip, tíu lamba kláfur o.s.frv.)?
- e) Lýsið meis.
- f) Hvað hétu hornstuðlar meisa (stuðlar, okar eða annað)?
- h) Hvað hétu aðrar rimar (haldrimar, gaflrimar, gatarimar, botnrimar o.s.frv.)?
- i) Voru gaflarimar að jafnaði hærri en haldrimar?
- í) Hvað hétu fleygar, sem stundum voru felldir með rimum í okagöt og hvað hét verkið (hortittir, afrétti, afréttingar, að hortitta t.d.)?
- j) Hétu hólkar á meisaokum nokkru sérstöku nafni, og úr hverju voru þeir gerðir?
- k) Hvernig var látið í meis og hvað hétu hneppin, sem í hann fóru (undirlag, gaflatuggur, vindlar eða annað)?
- l) Hvað var það kallað að lát vel í meis (að steintroða eða annað)?
- m) Hvar voru fjósmeisar geymdir milli mála?

4. a) Hvaða orð voru notuð um fjósgjafir (fjósamál, fjósagjafir eða önnur)?

- á) Á hvaða tíma sólarhrings voru fjósgjafir, og vað það nokkuð breytilegt eftir því, hvar komið var vetri (birtan elt, er líða tók á vetur)?

5. Hver annaðist um fjósgjafir og fjósaverk (bóndi, fjósamaður, fjósakona, liðléttingur t.d.)?

6. a) Voru kýr rekna í vatn á málum eða brynnt inni?

- á) Var algengt að hafa brunna eða brunnhús í fjósum?
- b) Þekktist það, að lækjum væri beitt í bæjarhús og kýr leystar þangað til vatns?
- c) Hvað hét áhald, sem notað var til þess að stöðva vatn í skjólum, er þær voru bornar til fjóss í hvössu veðri (vatnshlemmur, vatnskross eða annað)?

7. Hvenær voru mjólkurkúm gefnar ábætar?

8. a) Var fjósflór mokaður tvívegis á málum, og hvað kallaðist þá seinni mokstur (vatns-mokstur eða annað)?

- á) Lýsið fjósareku, og greinið hvað einstakir hlutar hennar hétu (skaft, tindur, skákir, blindingar, blað, var eða annað)?

b) Var vatnsmokstur mokaður með fjósarekinni eða öðru áhaldi (herðablaði t.d.)?

c) Hvernig var mykja borin í haugastæði frá fjósi (á börum rekublaði eða á annan hátt)?

9. a) Hvernig var sópað upp hjá kúm á málum og hvaða orð voru notuð um það verk (að sópa upp, að halda uppi eða annað)?

á) Hvað var gert við fjósмоð (gefið öðrum skepnum, sáldrað undir kálfa eða annað)?

10. a) Var lögð rækt við að halda kúm hreinum í fjósi?

á) Hvað kallaðist sóðaleg kýr í fjósi (flórkýr eða annað, sbr. Víða slettir flórkýrin hala sínum)?

b) Hvernig var lús eða óþrifum eytt á nautpeningi (með keytu-baði eða á annan hátt)?

11. Hvaða orð eða orðatiltæki voru notuð um gjafalag bænda til ills eða góðs. (Ef kýrin er kvalin, þá kvelur hún aftur. Þetta gjafalag níðir alla nyt úr kúnum, o.s.frv.)?

12. a) Hvaða orð voru notuð um saddar kýr (kýrin er sköflungafull, þúfufull, belgfull, troðfull, ber baggana o.s.frv.)?

á) Hvaða orð og orðatiltæki voru notuð um kýr, er að jafnaði átu illa (slenskeþna, slenbelja, kussunarskeþna, ókvæðagripur, vanmetagripur, vanmetaskeþna, drægja, kýrin verður lengi að mækja í sig heynu o.s.frv.)?

b) hvaða orð og orðatiltæki voru notuð um andstæðuna (átvagl, heykista, matarauga, matargat, hákur. Það er eins og kastað á eldsglód, sem sett er fyrir kúna, kýrin moldsleikir, það stendur allt á botni í kúnni o.s.frv.)?

13. a) Hvaða orð og orðatiltæki voru til um magrar kýr (kýrin stígur ekki í laukana, er rýr, holdgrönn, þunn á bak o.s.frv.)?

á) Hvernig var kveðið að orði um andstæðuna (kýrin er akfeit (okfeit, í verkun o.s.frv.)?

b) Hvernig var rætt um kýr, sem voru að fitna (kýrin er í bata, farin að slást við o.s.frv.)?

c) Hvað var sagt um kú, sem var að tapa holdum (kýrin er að leggja af, þynnast, kýrin verður ekki lengi að selja holdastakkinn o.s.frv.)?

d) Hvernig var talað um það, er kýr komu magrar úr fjósi (kýrin kom þunn undan vetri t.d.)?

14. a) Hvaða orð voru notuð umstórar kýr (no. slæki, genja eða lo. virkjamikill t.d.)?

á) Hvaða orð voru notuð um stórhyrnda kú (hornagassi t.d.)?

b) Hvað kallaðist kviður á vambmikilli kú, vambsíðri (larfur t.d. sbr. Það er farinn að þyngjast á henni larfurinn)?

c) Hvaða orð voru notuð um smávaxnar kýr?

- d) Hvaða orð voru notuð um lit kúa og hvernig voru nöfn þeirra af honum dregin?
- e) Var einnig algengt að draga nöfn kúa af gæðum þeirra eða öðru? Greinið frá þeim nöfnum.
- f) Skriðið hér vísur og þulur um kýr, ef tiltækar eru í minni manna (sbr. t.d. Þar koma kýr mínar ofan af fjalli, o.s.frv.)
- g) Var höfð trú á því, að mjólk úr þrílitri kú væri margra meina bót (vörn gegn eitri t.d.)?
- h) Átti mjólk úr gráum kúm að vera gædd svipuðum kostum?
- i) Þekktist nokkur trú í sambandi við sægráar kýr?

15. a) Var algengt að taka kýr að láni "upp á mat"?

- á) Hve há var ársleiga eftir leigukú?

16. a) Var nokkurra ráða vöð, til að koma í veg fyrir að kúm leiddist, er þær voru fluttar milli bæja?

- á) Hvernig var hægt að ná leiðindum af gripum í nýju umhverfi?

17. a) Hve háum aldri voru mjólkurkýr látnar ná að jafnaði?

- á) Hvað kölluðust gallar, er gerðu vart við sig hjá mjólkurpeningi (torhafnir, ótili, ótjálga eða annað)?
- b) Hvað nefndist aflóga kýr (afnámsgripur torhafnargripur, vonarpeningur o.s. frv.)?

18. a) Hvað var það kallað, er bógar gengu fram á kúm (framskota eða annað)?

- á) Hver voru talin fyrstu einkenni hennar?
- b) Hvernig var reynt að koma í veg fyrir hana eða lækna hana?

19. Var doði algengur í kúm, undir hvaða nafni gekk hann (doði, lakasótt eða annað) og hvaða ráð voru til að lækna hann?

20. Hvernig var skota læknuð, og undir hvaða nafni gekk sá kvilli?

21. a) Hvaða heiti var notað um júgurbólgu (undirflog, júgurmein, júgurbólga t.d.) og af hverju var hún talin stafa?

- á) Hvernig var leitast við að lækna júgurbólgu (borin flórfor á júgrið, mjólkað í gegnum lykklahring eða auga á skærum, borinn hverfisteinsmór (leðja) á júgrið, tekið blóð í mjólkuræð o.s.frv.)?

22. Hvaða ráð voru við beinveiki (kýrin látnin liggja á töðurekjum, visturðum, sagað framan af klaufum o.s.frv.)?

23. Hvað var gert, ef kýr tapaði jórtri?

24. Hvaða ráð voru til gegn mæði í kúm?

25. Var meinlaust að flytja kú á bás samdægurs og önnur hafði verið felld af honum?

26. Greinið frá öðru, sem vitað er um kvilla nautgripa og varnir gegn þeim.

27. a) Hvaða orð notuðu menn um lágt baul nautgripa (kýrin sífrar, murrar, nöldrar, nauðar eða önnur)?

- a) Hvaða orð voru notuð um háróma baul (kýrin beljar, öskrar o.s.frv.)?
- b) Hvaða orð voru notuð um það, er kýr bauluðu í geðshræringu (kýrin bölvar, sótbölvar, krossbölvar o.s.frv.)?
- c) Hvenær töluðu kýr máli manna?
- d) Var þá nokkur hætta á ferðum?

28. a) Til hvað ráða var gripið, ef aðsókn gesta eða slæðingur kom í fjósið kúnum til meins?

- a) Stafaði heill af því að hafa vönd eða hríslu í fjósi?

29. a) Hvað var það kallað ef kýr blés úr nösum að vetrarlagi, og var það talið boða nokkuð?

- a) Á hvað vissi það, ef kýr sleikti tré?
- b) Hvað var í vændum, ef kýr stóðu á þönum að baula að morgni dags í rosatíð, og hvað var það kallað?
- c) Gegndi öðru máli um baul að kvöldi?
- d) Hvað boðaði það, ef kýrspenar þrútnuðu óeðlileg mikið að sumarlagi?
- e) Var mark tekið á því, ef kýr akneytuðust (stönguðust) venju fremur að sumarlagi?
- f) Hverju spáði kýr, ef hún hristi annan afturfót sinn (hristi úr klaufunum)?
- g) Hvað var sagt, er kýr hristu sig mikið á stöðli ("Það leggst illa í lurginn á þeim" eða svipað)?
- h) Þekktist nokkur trú um óskastund í fjósi?

30. Var hægt að sjá á nýfæddum kvígukálfum, hvað í þeim bjó, og þá á hvern hátt?

31. a) Hvað kallaðist tímabundinn vöxtur í júgri á kvígum að fyrsta kálfi (tunglahlaup eða annað), og leiddi hann nokkuð í ljós varðandi gæði kvígunnar?

- a) Hvað nefndust lokkar í hornastað á kvígum og var eitthvað á þeim að byggja?
- b) Hvað hétu "lausir"hnýflar á kúm (mjólkurhnýflar eða annað)?
- c) Hvar voru mjólkurbrunnar á kvígum og hvað höfðu þeir að boða?
- d) Var nokkuð mark tekið á mjólkuræðum?
- e) Áttu vambsíðar kýr að reynast öðrum betri?
- f) Þekktist máltækið "Hausljóta og halaprúða kú, hana skaltu velja þér í bú", og er nokkur sögn til um uppruna þess?
- g) Segið frá öðru, sem talið var til einkenna á góðum mjólkurkúm.

32. a) Á hvaða tímum sólarhrings voru kýr mjólkaðar að vetrarlagi?

- a) Fóru mjaltir fram á öðrum tímum dags að sumarlagi?
- b) Þótti óbúkonulegt, ef stóðst á strokkur og mjaltir?
- c) Þekktist orðtakið: "Hollar eru hádegismjaltir", hvaðan er það runnið, og hvað felst í því?
- d) Voru kýr mjólkaðar á stöðli að sumarlagi?
- e) Hvar var stöðull venjulega á bæjum?
- f) Hvað nefndist skúr, sem féll um mjaltatíma (mjaltaskúr eða annað)?
- g) Önnuðust konur jafnan um mjaltir?
- h) Hvernig klæddust konur til mjalta og hvað nefndust mjaltaföt (kastflíkur, kastpils eða annað)?
- i) Hvað hétu áhöld, sem konur báru með sér til mjalta (mjaltafata, mjólkurskjóla, spanda, maltasæti, kýrhaft o.s.frv.)?
- í) Hvað hétu einstakir hlutar mjaltafötu (botn, stafir, laggir, lögg, laggargjörð, miðgjörð, brúngjörð, kilpur, þollur, fötutré o.s.frv.)?
- j) Var fötutréd (haldið) einnig nefnt kilpur?
- k) Þekktust önnur mjaltasæti en kýrhausar?
- l) Úr hvaða efni voru kýrhöft unnin og á hvern hátt?
- m) Hvað var verkið kallað (so. að sperðla eða annað)?

- n) Hvernig voru kýr heftar?
- o) Hvar voru haft og haus geymd milli mála?
- ó) Voru börn látin halda í hala á kúm, meðan á mjöltum stóð?
- p) Þekkjast orðin aðkonumegin og frákonumegin eða önnur í þeirra stað?
- q) Með hverju myktu mjaltakonur hendur sínar fyrir mjaltir?
- r) Hvaða mjaltalag var algengast (að mjólka með greip, milli vísifingurs og löngutangar, kreista, að mjólka við sauðfingur)?
- s) Hvort var mjólkað fyrr, fram- eða afturjúgur og hvað hétu fyrstu mjólkurbunur (blásprettur, blábuna eða annað)?
- t) Þekktist það, að mjaltakona mjólkaði fyrst spenana aðkomumegin?
- u) Hvað hét seinni yfirferð á júgri (að hreyta, strefta, tuttla eða annað)?
- ú) Rjóðuðu mjaltakonur síðustu dropum (höglum) úr júgri um hendur sér, og hvað hét sú mjólk (eftirbrögð, eftirsprettur eða annað)?
- v) Hvernig voru þær kýr mjólkaðar sem mismjólkuðu sig?
- q) Hvað hét þrispen kýr (flátta eða annað)?
- r) Hvað kallaðist lítill kýrspeni (tísill eða annað)?
- s) Voru dvergar (dvergspenar) nokkurn tíma mjólkaðir?
- þ) Þekktist nokkkur trú varðandi dvergspena?
- æ) Hvað var það kallað að þrautmjólka kýr (að ganga nærri þeim, blóðnaga þær eða annað)?
- ö) Hvað var það kallað, ef kýr héldu í sér mjólkinni (kýrin selur ekki, kippir að sér nytinni o.s.frvl)?
- t) Voru telpur stundum látnar læra að mjalta á því að toga í spena á geldmjólka kúm, áður en mjaltakonur settust undir þær?
- áá) Hvað var sú mjaltabyrjun nefnd (að mylkja kýr eða annað)?
- bb) Hvenær byrjuðu telpur að taka þátt í mjöltum?
- cc) Hvað a lífsreglur voru þeim lagðar í byrjun (að tala hlýleg við kýrnar, atyrða þær, ef við átti, hreyta hæfilega
- dd) Lá stranagt bann við því að syngja undir kú og hvað var í húfi, ef það var gert?

ee) Var krossað undir og yfir kýr um leið og staðið var upp undan þeim eða yfir kýrnytt í fötu?

33 a) Hvaða orð voru notuð um góða mjólkurkú (mjólkurkbyðja, gæðagripur, gæðakýr o.s.frv.)?

á) Hvaða orð voru notuð um gæði mjólkur (mjólkinn er smérgóð, kostmikil o.s.frv.)?

b) Hvaða orð voru notuð um gæði mjólkur (mjólkinn er smérgóð, kostmikil o.s.frv.)?

c) Hvernig var kveðið að orði um langstæðar og lágmjólkur kýr (kýrin er stritla, langstæð, geldskrípi, geldskrifli o.s.frv.)?

d) Hvað var sagt um kú, sem fór smátt af stað með mjólk, en smábatnaði (kýrin ætlar að verða lengi að sækja gæðin eða annað)?

e) Hvaða orð voru viðhöfð um kú, sem kokmin var í lága nyt (kýrin dregur ekki ljóst o.s.frv.)?

f) Hvað var það kallað, ef kýrjúgur var minna öðrum megin á kúnni (að hún lægi undan sér, væri halljúgra eða annað)?

g) Hvað kallaðist fisklítið júgur á fornbæru (kálfkúaslytti eða annað)?

h) Hvernig var rætt um júgur kúa um geldstöðutíma (kýrin er örjúgra t.d.)?

i) Hvernig var farið að því að gelda kýr upp fyrir burð og hvað var það kallað (að gelda upp eða hreyta)?

í) Komust vetrarbærur venjulega í jafnháa sumarnytt og vetrarnytt?

j) Hvaða orð voru notuð um litla mjólk (dreitill, seytill, dropalögg, mjólkursytra, mjólkurglyrna o.s.frv.)?

k) Var mjaltafroða nokkur veðurviti?

l) Var algengt, að börn og unglingar spændu froðu úr fötum á stöðli?

m) Hvað hét bragð froðu, er sól skein á hana (sólskinsbragð eða annað)?

34. a) Þekktist nokkur þula til að hafa yfir, er skilið var við kýr í haga? Skrifðu hana hér, ef til er.

á) Var nokkurn tíma setið yfir kúm í haga?

b) Hvaða gróður þótti öðrum betri til mjólkur?

c) Þótti varhugavert að halda lengi aftur af kúm?

d) Hvað var það kallað, ef kú gekk illa að festa fang (að hún léki á riðli eða annað)?

e) Voru kýr yfirlett leiddar til nauts?

- f) Hvernig voru kýr þá bandaðar (mýldar eða beizlaðar)?
- g) Var algengt að nota nautajárn, er leiða þurfti nautkind um hjarn?
- h) Stóð á sama á hvaða tíma dags kýr voru leiddar til nauts?
- i) Átti tungl þá að vera vaxandi eða minnkandi?
- í) Hvað hét "embætti" aðstoðarmanns í þessari ferð (rófuvitni, halavottur, skotvottur eða annað)?
- j) Hvað hét "embætti" aðstoðarmanns í þessari ferð (rófuvitni, halavottur, skotvottur eða annað)?
- k) Hvað bar honum að launum í rekstrarkaup?
- l) Hvað var það kallað, aef kvígur festu fang of snemma (kvígan kelfdist í kálfagarði eða annað)?
- m) Hvað var gert, ef boli var tregur til að gera skyldu sína?
- n) Var algengt að bíta í hrygginn á kúnni í lok athafnar?
- o) Hvað var þá sagt ("Kálfur í kú og haltu nú fyrir börn og bú" eða annað)?
- ó) Stóð á sama hvort kýr voru leiddar hægt eða hratt heiman og heim í þessu ferðalagi?
- p) Hvaða ráða var vöð til að sjá því borgið að kýrin festi fang (að sundleggja hana, hella yfir hana köldu vatni, gera skinnsprettu í eyra, o.s.frv.)?
- q) Var höfð ótrú á því gagnvart góðum kúatíma í fjósi, ef snemmbæran var seld úr því?
- r) Var kúnni talið (reiknað út tal hennar) sama dag og henni var haldið?
- s) Var hægt að ráð kyni væntanlegs kálfs?
- t) Voru nokkur einkenni á kú um meðgöngutíma, er sýndu kyn fóstursins (hárin í hala hennar t.d.)?
- u) Hvað var það kallað, er mjólkurkýr fór að síga á bak, megrast vegna fóstursins (fóstrið er farið að ganga á kúna, kýrin er nöguð bæði að utan og innan o.s.frv.)?

35. a) Hvaða orðum var farið um það, er ytri einkenni sýndu að burðardagur kýrinnar nálagadist (kýrin er farin að kálfa, það er farið að höfggva á kúna, sinarnar eru farnar að blotna, kýrin er orðin mjó, kýrin er fallin o.s.frv.)? Gerið grein fyrir því stig af stigi.

- á) Hvað nefndist dautt eða vanskapað fóstur kúa (alpakálfur t.d.)?
- b) Hvenær var farið að mismuna kúm með fóður fyrir burð (með stálmatíma eða fyrr)?

- c) Heyrðist kveðið svo að orði: "Kýrin er búin að tapa sér fyrir árið, ef hún gýtur með sléttan kvið"?
- d) Mátti hver sem var taka undir stálmakú eða mjólkurkú yfirleitt?
- e) Mátti taka undir stálmakú alla daga viku og ef ekki þá hvers vegna?
- f) Hvaða orðum var farið um júgur á stálmakú (kýrin gerir lítið (eða mikið að, býst vel til, fær ástæðumikið júgur (júgrast vel o.s.frv.)?)
- g) Var höfð trú á því, að kýr fengju harðan stálma og kæmust í góða nyt, ef þær lágu á hörðu um stálmatíma?
- h) Hvað kallaðist stálmabólga á fyrsta kálfs kvígum (báshella eða annað)?
- i) Hvaða ráðum var beitt til að koma í veg fyrir hættu af báshellu?
- j) Hvað kallaðist kvoða í júgri á óbornum kvígum (kúalím eða annað)?
- k) Til hverra nytja var hún?
- l) Hvað var það kallað ef kýr héldu réttu tali með burð (kýrin setti ofan í talið eða í talið t.d.)?
- m) Var nokkuð hægt að gera til þess að herða á kú, sem farin var að hafa yfir (láta afbæjarmann taka undir hana t.d.)?
- n) Þekktist það, að farið væri undir kýr, áður en þær váru, og í hvaða skyni var það þá gert?
- o) Mátti bera broddmjólk úr óborinni kú í óbyrgðu íláti milli fjóss og bæjar eða broddmjólk yfirleitt?
- p) Hvað lá við ef út af var brugðið?
- q) Hvað nefndist síðastu dægur kúa fyrir burð (stöðudægur eða annað)?

36. a) Hver voru talin fyrstu einkenni kálfssóttar (kálfsnurr t.d., er kýrin tók að kenna sín)?

- a) Var venjulegt að vaka yfir kú, er burður fór í hönd?
- b) Þekktust þau ummæli, að aldrei yrði að kú, sem bæri í flór?
- c) Þekkjast nokkrar sagnir um, að huldufólk greiddi fyrir kúm um burð?
- d) Hvað hétu vatnsbelgir, sem runnu frá kú um burð (karbelgur og fótabelgur t.d.)?
- e) Var nokkuð hirt um þá eða innihald þeirra?
- f) Var alltaf farið með kúm til að vita hvað fóstari liði?

- g) Kom fyrir að kálfar væru limaðir frá kúm?
- h) Þekktust nokkur töfrabrogð til að greiða burð kúa (sigurhnútur og sigurlykkja t.d.)?
- i) Lýsið sigurhnút og sigurlykkju.
- í) Hvaða bönd voru notuð til að mynda hnútin og lykkjuna?
- j) Önnuðust konur jafnan þetta verk?
- k) Var kúm yfirleitt hjálpað til að losna við kálflinn og þá á hvern hátt (togað í lappir eða lykkju smeygt upp í kálfinn)?
- l) Var nokkuð sérstakt sagat um leið og kálfurinn losnaði frá kúnni?
- m) Var alltaf venja að blása í nasir kálfinum?
- n) Hvernig var kálfinum komið upp í bás til kýrinnar (borinn eða dreginn)?
- o) Höfðu menn trú á, að betra væri að fara harkalega með nýborinn kálf og þá hvers vegna?
- p) Hvað var stagkálfur, og var honum lífvænt?
- q) Var kálfurinn alltaf saltaður í karinu, og í hvaða atilgangi var það gert?
- r) Var kálfinum gefið að drekka í karinu, hve mikið og hvernig?
- s) Var kyrin ætíð mjólkuð milli k'lfis og hilda og þá hvers vegna?
- t) Var kýrhalinn klipptur milli kálfs og hilda, í hvað tilgangi, og hvaða tilgangi, og hvað var gert við afklippuna?
- u) Var jafnan haldið undir hildirnar, meðan þær voru að losna?
- ú) Var kúnni gefinn biti af hildunum og hvers vegna?
- v) Hvernig var hirt um líknarbelginn (blásinn út yfir kúnni, notaður um smjör o.s.frv.)?
- x) Hvað var gert við kálfsunguna í hildunum?
- y) Var nokkuð hirt um rauðu hnappana í hildunum?
- z) Hvað var gert, ef kúnni gekk illa að losna við hildirnar, hildgast (gefið lausnarsteinsseyði t.d.)?
- þ) Hvað var gert við hildirnar?
- æ) Mátti bera hildirnar út úr fjósi eftir dagsetur og ef ekki þá hvers vegna?
- ö) Var sumur illa við að láta hunda komast í hildir?

- aa) Þekktist orðtakið: "Eg skelf eins og hildafullur hundur"?
- áá) Var kúm alltaf gefin fyrsta nyt sín um burð?
- bb) Var þeim þá einnig gefinn volgt vatn að drekka?
- cc) Var nýbærum jafnan gefin aukatugga til að taka úr þeim kálfshungrið?
- dd) Var ekki talið óhætt að fara frá nýbæru, fyrr en hún var búin að leggjast á báðar hliðar?
- ee) Hét annað mál nýbæru nokkru sérstöku nafni (sáramálið t.d.)?
- ff) Þótti það góðs viti, ef broddmjólk úr fyrstakálfs kvígum var blóðlituð, og þá á hvern hátt?
- gg) Hvað var það kallað, ef kýr baulaði mikið eftir afkvæmi sínu (kýrin er kálfær eða annað)?
- hh) Hvenær var mjólk nýbæru mæld?
- ii) Lá nokkuð við, ef það var gert, fyrr en vika var liðin frá burði?
- íí) Í hverju var mjólkin mæld (í aski eða öðru íláti)?
- jj) Hvað þótti góð nyt hjá nýbæru að jöfnum mjöltum?
- kk) Mátti mjólka nýbæru ofan í geldingu (þ.e. mjólk úr fornæru)?
- ll) Hvað kallaðist deyfð eða slen í nýbærum (burðarslen, óát eða annað)?
- mm) Með hvaða ráðum var hægt að bæta það (gefa kúnni vindstrá úr heygeilum stela handa henni heyi t.d.)? Lýsið því greinilega.

37. a) Voru alltaf gerðar ábrystir úr broddmjólk, á hvern hátt, og undir hvaða nafni gengu þær?

- a) Þekktist nokkur sögn um ystar ábrystir (álagamatur t.d. og þá af hvaða orsökum)?
- b) Hvenær var byrjað að setja upp (í trog) broddmjólk (á öðru eða þriðja dægri), og hvað hét smjörið, sem úr henni var unnið (broddsmjör eða annað)?

38. a) Var hægt að ráða vetrarveður af lit fyrstu kálfa, sem fæddust að hausti?

- a) Hétu þeir nokkru sérstöku nafni (vetrarkálfur t.d.)?
- b) Þótti varhugavert að ala kálf, sem baulaði í kari, og þá hvers vegna?
- c) Þótti betra að ala fyrsta og þriðja kálf kúa en annan?
- d) Hvernig var mjólkurgjöf unγκálfa háttað? Greinið það stig af stigi.

- e) Hvað kallaðist kálfsdrykkur, er nokkuð leið frá burði (kálfsglundur, kálfsdrukkur eða annað)?
- f) Lýsið kálfsdalli.
- g) Þekktust orðtökin: "Kusa þekkir koppinn sinn" og "Hann drekkur ekki af öllum döllum?"
- h) Var kálfsdrykkur alltaf yljaður?
- i) Hvað var sá kálfur kallaður, sem alinn var á fóðri annarra gripa (tíundasámur eða annað)?
- i) Hvernig var rætt um stóra og efnilega kálfa (kálfurinn er mesti lurkur t.d.)?
- j) Hvernig var kveðið að orði um andstæðuna (kálfurinn er mesti kúði, örverpi o.s.frv)?
- k) Hvað var gert við kálfa, sem hlupu undir kýr í haga til að sjúga þær og við kýr, sem sugu sig sjálfar?
- l) Voru kálfar markaðir marki eiganda?
- m) Voru kálfar venjulega látnir draga band í haganum?
- n) Hve lengi báru kálfar kálfanafnið?
- o) Hvað tók við, er því slepti (vetrunur)?
- ó) Hvenær voru kvígur fyrst látnar festa fang?

39. a) Var algengt að láta naut ganga í högum með öðrum nautpeningi?

- á) Hvað var bert til þess að hindra mannýg naut í að verða mönnum að tjóni?
- b) Undir hvaða nafni gekk trjábútur, sem festur var við háls á mannýgum nautum (hnyðja, oki, kybbi eða annað)?
- c) Hverjir önnuðust einkum um nautahald, áður en nautgriparæktarfélög komu til sögunnar?
- d) Var nautstollur hvarvetna jafn hár, og hvernig var hann greiddur?
- e) Voru þarfanaut jafnan höfð á grind í fjósi?
- f) Var algengt að ala geldneyti til frálags?
- g) Segið hér frá öðru, sem varðar nautahald fyrri tíðar og sérstætt má telja?

40. a) Var kúahland notað til litunar og á hvern hátt?

- á) Var kúahland notað til að festa lit, er litað var með heymulu?
- b) Var girðisefni lagt í bleyti í kúahland og í hvaða tilgangi?

c) Var kúahland talið gott til hárbvotta?

41. a) Mátti gefa barni nautkind í tannfé?

á) Þekktist það, að kýr væru látnar bera bjöllu, hvar var henni komið fyrir og til hvers var hún?

b) Þekktist orðtakið: "Sein kýr fær skitið gras"?

42. a) Var talið, að huldukýr væru aðf lestu líkar kúm manna að öðru en því, að þær vantaði halann?

á) Gerðu huldukýr nokkurn tíma vart við sig í fjósum?

b) Var góðs viti að sjá huldukýr í heygörðum?

c) Eru til sagnir um kýr, er áttu ætt að rekja til huldunauta?

d) Þekktist þjóðsagan "Ló, ló mín Lappa" í annarri gerð en fram kemur í Þjóðsögum Jóns Árnasonar?

e) Hvaðan er runnið ráðið: "Undan af mjók og ofan af og aftan af fiski og framan af", og hvað felst í því?

43. Var vætturinn kuldaboli höfð fyrir keyri á óþæg börn og þekkjast nokkrar vísur um hann)?

44. Þekkjast nokkrar sagnir um sækýr?

45. Þekkjast nokkrar sagnir um nauthvelið?

46. a) Hver var yfirleitt afstaða fjóss til bæjarhúsanna?

á) Voru til fjós, sem talin voru öðrum fremur happasæl?

b) Hvaða byggingarlag var algengast á fjósum (einstæðufjós, tvístæðufjós)?

c) Voru einstæðufjós nefnd einhölufjós?

d) Lýsið innri gerð og uppgerzlu fjóss, þar sem fjósbaðstofur tíðkuðust.

e) Að hvaða leyti voru krossfjós (krossbyggð) sérstæð?

f) Þekktist það, að fjós væru topphlaðin af torfi einu saman?

g) Var svonefndur hlöðubás í hverju fjósi, og hvernig var honum komið fyrir?

h) Var algengt að hafa tvær hurðir (ytri og innri) á fjósum, og hvernig var ytri hurð lokað?

i) Eru til sagnir um hurðalaus fjós?

- i) Hvaða fjósstærð var algengust (sex kúa fjós o.s.frv.)?
- j) Hve háir voru fjósveggir að jafnaði?
- k) Hvernig sneru fjós venjulega?
- l) Voru dyr á hliðvegg eða gafli?
- m) Hvernig var lýsingu (þ.e. gluggum) háttað?
- n) Hvernig voru einstæðufjós gerð upp?
- o) Lýsið uppgerzlu tvístæðufjóss.
- ó) Undir hvaða nafni gengu máttaraviðir, sem fjósstoðir héldu upp í tvístæðufjósi (langbönd, vaglásar eða annað)?
- p) Hvað hétu bitar milli baglása (vaglar eða annað)?
- q) Hvað hétu stoðabútar ofan á vöglum (dvergar eða annað)?
- r) Átti mænisás annað nafn?
- s) Hvíldu neðri endar rafts á vegglægju eða móleðri (lausholti)?
- t) Átti móleður (lausholt) annað nafn (móletta eða annað)?
- u) Er vegglægja sama og brúnás?
- ú) Hvernig var raftur lagður?
- v) Átti langraftur á húsum nokkuð annað nafn?
- x) Var stuttraftur einnig nefndur skáldraftur, þétti eða þéttirefti?
- y) Hvernig var hella lögð á þök?
- z) Hvað hétu smáspýtur, er skorðuðu hellu (hellumatur eða annað)?
- þ) Hvað var notað í hellustað, þar sem hennar var ekki völ (hrístróð t.d.), og hvernig var frá því gengið?
- æ) Hvernig var nærtyrfi lagt á þök, og átti það annað nafn (nærþakning t.d.)?
- ö) Hvernig var myldað á milli nærtyfirs og ytra tyrfis og á hvern hátt?
- aa) Hvernig var gengið frá ytra tyrfi?
- áá) Mátti slíta strá, sem uxu frá torfi inn í hús, eða lá eitthvað við slíku?

- bb) Hvað hétu þau strá (húsagras, húsalilja eða annað)?
- cc) Hve breitt bil var milli fjósstoða?
- dd) Hvað var vengjuleg lengd bása (í fetum)?
- ee) Voru stallar (fjötur) í básum?
- ff) Voru fjósbásar tyrfdír (þaktir) ár hvert eða oft á ári?
- gg) Var skorið sérstakat básatorf eða heyjatorf tekið til þeirra nota?
- hh) Hvað hétu brúnir bása og steinar í þeim (básstokkur, flórstokkur, bássteinar, básshellur o.s.frv)?
- ii) Hvað var venjuleg flórbreidd?
- íi) Var flór lagður með meiri halla en vatnshalla?
- jj) Hvað hét gangstétt við flór eða milli flóra (tröð eða annað)?
- kk) Var algengt að hafa hellur milli bása og hvað hétu þær milligerðir (byrslur, beixlur, bálkar eða annað)?
- ll) Hvernig var gengið frá þeim?
- mm) Voru forir (ræsi) við fjósveggi til að taka við veggruna og aðsókn vatns?
- nn) Voru strompar á fjósum eða loftgöt við dyrastafi látin nægja í þeirra stað?
- oo) Hvernig var gengið frá fjóshælum?
- óó) Hvernig voru kýrbönd (nautabönd) úr garði gerð?
- pp) Hvað hét neðri hluti bands, sem fest var við hælinn (niðurband eða annað)?
- qq) Hvað hét efri hlutinn (hálsband eða annað)?
- rr) Hvernig var gengið frá hálsbandi?
- ss) Úr hvaða efni voru kýrbönd unnin (hrosshári eða öðru)?
- tt) Voru kýrklafar oft notaðir í stað hálsbands?
- uu) Voru þeir helzt hafðir á kúm, sem vildu smeygja fram af sér?
- úú) Hvaða ljósfæri var einkum notað í fjósum?

47. a) Var krossað fyrir fjósdyr, er gengið var um þær síðast að kvöldi?

á) Var algengt að marka kross á fjóshurðir eða fjósstoðir?